

## Hvað er smástirni?

**Smástirni** eru öll lítil (þvermál er innan við 1000 km) **berg-** og **málmkennd** fyrirbæri í **sólkerfinu** sem hafa enga **halastjörnuvirkni**, ganga um sólina en eru ekki nægilega stór til að geta talist til plánetna. Þau eru oft **óreglulöguð** vegna þess að **þyngdarkrafturinn** er ekki nægilega mikill til að mynda kúlulaga **hnött**. Þau eru mismunandi að stærð, allt frá 10 metrum upp í hundruð kílómetra á breidd. Sum eru það stór að þau eru talin minniháttar **reikistjörnur**. Fjögur stærstu smástirnir eru Ceres, Vesta, Pallas og Hygiea. Ceres er stærsta smástirnið.


## Smástirnabelti

Þegar smástirni fara um sólina, fara þau á hringlaga **braut**. Þessi hringur er kallaður **smástirnabeltið**. Í sólkerfinu okkar er smástirnabeltið á milli reikistjarnanna Mars og Júpíters og það eru milljónir smástirna þar.

Það eru nokkur smástirni sem eru utan smástirnabeltisins, eins og Trójusmástirnin. Trójusmástirnin deila braut með plánetu eða tungli en þeir rekast ekki á plánetuna. Flest Trójusmástirnin fara á braut um sólina með Júpíter.

Smástirni sem fara á braut nálægt jörðinni kallast á ensku Near Earth Object. Þau springa venjulega þegar þau snerta **lofthjúp jarðar** og sem valda því litlum skaða á **yfirborði jarðar**.

Vísindamenn telja að fyrir um 65 milljón árum hafi jörðin orðið fyrir smástirni sem olli svo miklum skaða að risaeðlurnar þurrkuðust út og urðu útdauðar.



mynd af smástirninu Ida fengið af wikipedia

1. Satt eða Ósatt? : Smástirni springa oftast þegar þau koma í lofthjúp jarðar?  
\_\_\_\_\_
2. Hvað er smástirni?  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
3. Smástirnabeltið er á milli Mars og hvaða plánetu?  
\_\_\_\_\_
4. Hvað heitir stærsta smástirnið í sólkerfinu?  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
5. Satt eða Ósatt? Öll smástirni eru jafnstór?  
\_\_\_\_\_
6. Flest Trójusmástirni eru á braut um sólina með hvaða plánetu?  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
7. Hvernig dóu risaeðlurnar út?  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_